

Guðrún Hallgrímsdóttir lauk prófi í matvælafræði frá Humboldt-Universität í Berlín árið 1968 og stundaði að því búnu framhaldsnám í heilbrigðiseftirliti.

Á árunum 1969–1977 var Guðrún forstöðumaður rannsóknarstofu Búvörudeildar SÍS. Hún vann við uppbyggingu Kjötvinnslustöðvar Sambandsins í Reykjavík og sláturhúsa víða um land og hafði eftirlit með framleiðslu. Á árunum 1977-79 var Guðrún iðnþróunarfulltrúi hjá Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna í Vínarborg. Eftir að hún kom heim aftur varð Guðrún deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu og vann þar til 1985. Næstu fimm árin var Guðrún forstöðumaður hjá Ríkismati sjávarafurða. Hún varð síðan sérfræðingur í sjávarútvegsráðuneytinu, verkefnisstjóri um gæðastjórnun í matvælafræði og verkefnisstjóri á fræðsludeild Iðntæknistofnunar á árunum 1996–2004 þegar hún lét af störfum.

Guðrún hefur kennt við ýmsa skóla og á fjölda námskeiða og samið námsefni á sviðum matvælaframleiðslu og gæðastjórnunar. Hún hefur ritað og haldið fyrirlestra um íslenska matarhefð, nýtingu hlunninda, lífræna ræktun og sjálfbærar fiskveiðar. Frá 2017 hefur hún staðið að tilraunaræktun á stórþörungum í borholusjó í kerjum á landi og fjallað um það hugðarefni sitt í ræðu og riti.

Guðrún hefur gegnt margvíslegum stjórnunar- og trúnaðarstörfum á vegum hins opinbera og einkafyrirtækja. Hún hefur tekið virkan þátt í stjórnámálum, var á sínum tíma varaþingmaður og tók sæti á Alþingi um tíma. Kvenfrelsisbarátta og umhverfismál hafa átt öflugan liðsmann í Guðrúnu.

Guðrún hefur sinnt margvíslegum félagsstörfum og var ein fyrsta konan sem tók virkan þátt í starfi Verkfræðingafélags Íslands og hefur alla tíð reynst félaginu traustur liðsmaður. Hún var sæmd heiðursmerki félagsins 2006 og hlaut viðurkenningu Kvennanefndar VFÍ árið 2013.

Guðrún Hallgrímsdóttir er merkur brautryðjandi meðal verkfræðinga og kvenna og frumkvöðull á fjölmörgum sviðum í íslensku samfélagi.